

44

9. gr.

13. júlí

Í skipum, sem ekki halda leiðarbók, skulu greinargerðir þær, sem í hana átti að rita samkvæmt auglýsingu þessari, skráðar í eftirlitsbók skipsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

45

REGLUGERÐ

14. júlí

um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 9. ágúst 1920.

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 11. gr. reglugerðarinnar:

„Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allt að $\frac{1}{4}$ hluti fjallskilakostnaðar skuli greiðast í peningum, og ber að jafna því gjaldi sem jafnast á menn eftir tiltölu“ komi: Öll þau fjallskil, sem ekki eru leyst af hendi með vinnu, greiðist í peningum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.

F. h. r.

Vígfús Einarsson.

Páll Pálmason.

46

REGLUGERÐ

14. júlí

um breytingu á reglugerð um eyðingu refa í Borgarfjarðarsýslu frá 8. júlí 1928.

1. gr.

Á eftir 7. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verði 8. gr., svo hljóðandi: Þeim skotmanni, er sama vor vinnur átta fullorðin dýr, greiði sýslunefnd 100 kr. fyrir dugnað hans. Verðlaunin greiðast úr sýslusjóði, enda sanni skotmaður fyrir oddvita sýslunefndar með vottorði refaeyðingarstjóra, að hann hafi unnið dýrin.